

Fræðslunefnd

FUNDUR - 19. janúar 2011

Fundur haldin í Fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna leikskóla miðvikudaginn 19. janúar 2011 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskrift.

Heiðrún Bjarkadóttir setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun leikskólans.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun leikskólans.

Jóhanna G. Jónasdóttir leikskólastjóri fór yfir fjárhagsáætlun leikskólans þar sem gert er ráð fyrir 2. milljóna króna niðurskurði og að næsta haust þyrfti að skoða hvaða leiðir þyrfti að fara til að mæta þessari lækkun. Jóhanna lagði fram beiðni við gerð fjárhagsáætlunnar, þess efnis að starfsmenn fengju borgaða 16. tíma yfirvinnu vegna starfsmannafunda, en samþykkt var að starfsmenn fengju borgaða 4. tíma vegna starfsmannafunda á þessu ári.

2. Önnur mál

Jóhanna fór svo almennt yfir stöðu leikskólans í dag, m.a. starfsmannamál og fjölda barna, en í dag eru 68. börn á Barnabæ. Stuttur biðlisti er fyrir hendi sem mun leysast úr fljótlega.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.00

Harpa Hermannsdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Heiðrún Bjarkadóttir
Hilmar Þór Hilmarsson
Guðrún Þorvaldsdóttir

Anna Kr. Davíðsdóttir